

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 857/1999, um bann við notkun tiltekinna eitufefna og hættulegra efna.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða nota efni, efnavörur eða vörur sem innihalda 0,1% eða meira af efnum sem talin eru upp í 6. viðauka.

Bann skv. 1. mgr. nær ekki til notkunar vöru (hluta) ef hún inniheldur dífenýleter, pentabrom- eða oktabrómafleiðu.

Til 31. mars 2006 nær bann skv. 1. mgr. ekki til notkunar dífenýleter, pentabrómafleiðu, í útbúnað fyrir neyðarrýmingu flugvéla.

Bann skv. 1. mgr. tekur ekki til dí- μ -oxó-dí-n-bútýltinhýdroxýbóran (DBB), ef það er notað við framleiðslu annarrar vöru þannig að innihald DBB í fullunninni vöru verði minna en 0,1%.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. og 29. gr. laga nr. 52/1988 um eitufefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á tilskipun 2004/98/EB, um breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE varðandi takmörkun á sölu og notkun á pentabromdífenýleter í útbúnað fyrir neyðarrýmingu flugvéla svo aðlaga megi I. viðauka að tæknilegum framförum, sem vísað er til í 4. tl. XV. kafla II. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2005, þann 12. mars 2005.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 4. maí 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.